

*boenda*  
FERÐIR

## ALPARÓ SIR AUSTURRÍKIS



**20. - 27. september 2025**

**Fararstjórn: Elísabet Sveinsdóttir**

Haust 6

Austurríki | Þýskaland

## Ferðalýsing

Í þessari ferð höldum við á vit ævintýrana í **Salzburgerlandi** í Austurríki þar sem fegurð fjallanna umlykur okkur. Ferðin hefst í München en ekið verður til fjallaþorpsins **Filzmoos** sem verður okkar samastaður í ferðinni. Nú er mikil **hátíð** í Filzmoos, **kúasmölnun**, bændamarkaður, Tírólatónlist, öl, matur, dans og söngur og auðvitað tökum við þátt í hátíðinni. Farið verður í hrifandi dagsferðir, m.a. til Dachstein og með kláfi upp á **Dachstein jökulinn**, þar sem við skoðum íshelli, lítum ótrúlegar höggmyndir og njótum þaðan stórkostlegs útsýnis. Ólýsanleg náttúrufergurð tekur á móti okkur í Hallstatt við **Hallstättersee** sem er með fallegustu stöðum Salzkammergut en bærinn og einstakt landslagið umhverfis hann eru varðveitt á heimsminjaskrá UNESCO. Við heimsækjum tónlistarborgina **Salzburg** sem er ein af perlum Austurríkis. Eigum dásamlegan dag við vatnið **Wolfgangsee** sem er eitt þekktasta stöðuvatnið í Salzkammergut héraði, rómað fyrir fegurð. Við skoðum St. Wolfgang bæinn og farið verður í ljúfa siglingu yfir til St. Gilgen.

**8 dagar | 7 nætur í Filzmoos**




### 20. september | Flug til München & Filzmoos

Brottför frá Keflavík kl. 7:20. Mæting í Leifsstöð um 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í München kl. 13:05 að staðartíma. Þaðan verður ekin falleg leið til Austurríkis, þar sem gist verður í sjö nætur í litla bænum Filzmoos í Salzburgerland. Dásamleg fjalladýrð umlykur hótelið. Á sumrin stundar fólk hér fjallgöngur en skíði um vetur. Á hótelinu er heilsulind og innisundlaug en einnig er sólarverönd á þaki sundlaugarbyggingarinnar, svo hægt er að sitja þar úti í góðu veðri og sóla sig í fjallaloftinu.

### 21. september | Dachstein fjöllin

Okkar bíður spennandi dagur þegar farið verður upp á Dachsteinfjöllin sem er mest sótti ferðamannastaðurinn í Steiermark, enda á heimsminjaskrá UNESCO. Dachsteiner kláfurinn ferjar okkur upp í 2.700 m hæð, þaðan sem fjallasýnin er mögnuð. Fimm útsýnispallar standa til boða og þeirra á meðal er einn með glergólfi. Sá sem þorir að stíga á þann pall mun sjá hvernig klettaveggur Hunerkogel fjallsins steypist 250 m lóðrétt niður beint undir fótum hans. Við munum einnig virða fyrir okkur víðáttumikinn íshelli en þar hafa, auk náttúrulegra ísmyndana, verið gerðir allskyns skúlptúrar úr meira en tonni af ís, s.s. líkan af Egyptalandi til forna.



## 22. september | Kúasmölnunarhátíð í Filzmoos



Það stendur mikið til hjá bæjarbúum í Filzmoos í dag, því nú er komið að sjálfri kúasmölnuninni. Bændur reka kýr sínar til byggða eftir dvöl í seljum í fjöllum en hefð er fyrir því að skreyta kýrnar og er gjöfulasta kýrin mest skreytt. Um hádegisbil koma kýrnar niður prýddar blómum. Á hátíðinni er fjölbreyttur markaður með afurðum frá bændum, handverki og Tírólatónlist að hætti heimamanna en þessu fylgir svo matur,

öl, söngur og dans sem stendur yfir langt fram á kvöld.

## 23. september | Hallstatt & saltnámurnar

Að morgunverði loknum heimsækjum við Hallstatt við vatnið Hallstättersee og njótum þess að skoða og kynnst þessum draumfagra bæ en landsvæðið umhverfis hann var skráð á heimsminjaskrá UNESCO árið 1996. Þetta er yndislegur bær sem gaman er að röltu um. Við lítum inn í katólsku kirkjuna og kapelluna sem eru upp á hæðinni en kirkjan geymir mjög merkileg, útskorin altari frá 16. öld. Hér er hægt að fara í saltnámurnar í Hallstatt sem eru elstu saltnámur í heimi. Fyrir þá sem treysta sér ekki inn í saltnámurnar er boðið upp á ljúfa siglingu á vatninu Hallstättersee þar sem fjallafegurðin lætur ekki á sér standa. Einnig verður gefinn tími til að njóta þessa dásamlega staðar og þegar við höfum skoðað nægju okkar verður ekið til baka á hótelið.



## 24. september | Tónlistarborgin Salzburg & Mozart

Í dag ætlum við að heimsækja hina undurfögru borg Salzburg en borgin sem er þekktust sem fæðingarborg Mozarts er einnig þekkt fyrir hrífandi byggingar í barokkstíl. Við hefjum daginn á stuttri skoðunarferð um borgina, skoðum Mirabellgarðinn og göngum eftir Getreidegasse en hún er með elstu og þekktustu götum borgarinnar. Þar er að finna mjög



áhugavert Mozartsafn. Í góðu veðri er gaman að koma upp í kastalann Hohensalzburg en þar var hluti kvikmyndarinnar Söngvaseiðs eða Sound of Music tekinn upp. Falleg sýn er þaðan yfir borgina, Salzburgerland og stórfenglegt umhverfi Alpanna í kring sem eru aðdráttarafi fjölda ferðamanna ár hvert. Síðdegis gefst hverjum og einum tími til að kanna mannlíf borgarinnar á eigin vegum.

## 25. september | St. Wolfgang & St. Gilgen



Ekin verður hrífandi útsýnisleið yfir Postalm, næststærstu hásléttu Evrópu. Bændur koma hér upp með búfé sitt yfir sumartímann og þá eru hér yfir 2.500 hestar, naut, kýr og kindur á afrétt. Þaðan komum við niður að kyrrláta fjallavatninu Wolfgangsee og stoppum í bænum St. Wolfgang. Þessi bær, sem áður var mikilvægur áfangastaður pílagraíma, hefur frá alda öðli tekið á móti gestum og í dag er hann ákaflega vinsæll

sumardvalarstaður. St. Wolfgang er einnig þekktur fyrir óperettuna *Im weißen Rössl am Wolfgangsee* sem helguð var honum. Við könnum bæinn nánar og förum svo í glæsilega siglingu á þessu fallega vatni yfir að St. Gilgen sem er fæðingarbær móður Mozarts. Gefum okkur tíma þar til að kanna líf bæjarbúa áður en ekið verður á hótél.

## 26. september | Filzmoos & hestakerruferð að Unterhofalm

Þennan góða dag er tilvalið að slaka á í Filzmoos fram undir hádegi og kanna umhverfið í þessum litla bæ. Um hádegi verður boðið upp á ferð með hestakerru upp að Unterhofalm selinu sem er við rætur Bischofsmütze fjallsins en þar er náttúrufegurðin óviðjafnanleg. Þar byrjum við á því að fara í smá göngu um Almsee vatnið og upp að kapellu. Síðan er upplagt að fá sér hádegishressingu og njóta fegurðar staðarins áður en haldið verður til baka.



## 27. september | Kveðjustund & heimferð

Nú er komið að því að kveðja þennan undurfagra stað eftir ljúfa daga. Ekið verður til München en brottför þaðan er kl. 14:05 og landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



## Verð

299.900 kr. á mann í tvíbýli | 33.500 kr. aukagjald fyrir einbýli

### Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hótelinu.
- ✓ Hestakerruferð frá Filzmoos.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



### Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Kláfar eða stólalyftur upp á fjöll.
- ✓ Siglingar.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Vínsmökkun.
- ✓ Þjóf fé.

### Valfrjálst:

- ✓ Sigling á Wolfgangsee vatni u.þ.b. € 10.
- ✓ Saltnámur í Hallstatt u.þ.b. € 38.
- ✓ Kláfur upp á Dachstein jökulinn u.þ.b. € 59.
- ✓ Kláfur upp í kastalann Hohensalzburg u.þ.b. € 18.

### Hótel:

- ✓ Hotel Bischofsmütze

### Nánari upplýsingar:

Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bænduferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rútu mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bænduferða.

